

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 29. júlí 2022
UST202207-189/A.Þ.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Skálar á Holtamannafrétt - Ásahreppur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Ásahrepps er barst 18. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir skála á Holtamannafrétti í Ásahreppi.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að deiliskipuleggja svæði þar sem skálarnir Hald, Hvanngiljahöll, Versalir og Gásagustur eru. Þá segir að skálarnir séu á afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032.

Gásagustur við Þúfuver

Umhverfisstofnun bendir á að Gustur við Þúfuver er innan friðlandsins í Þjórsárverum. Þjórsárver eru víðáttumikil gróðurvin sem einkennast af gróskumiklum flæðilendum með fjölskrúðugu gróðurfari, m.a. rústamýrum. Svæðið hefur lengst af verið alþjóðlega mikilvægt sem aðalvarpsvæði heiðagæsar í heiminum. Þar er því óheimilt að ferðast um á tímabilinu 1. maí til 20. júní.¹ Í greinargerð skipulagslýsingar stendur að umferð um varplönd heiðargæsar sé bönnuð frá 1. maí til 10. júní. Mikilvægt er að dagsetningarnar séu í samræmi við friðlýsingarskilmálana og mikilvægt er að tekið sé tillit til þessara takmarkana þegar kemur að framkvæmdum.

Umhverfisstofnun bendir á að í 11. gr. friðlýsingarskilmála fyrir Þjórsárver segir:

„Leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags þarf til framkvæmda í friðlandinu, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og þegar við á lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.

Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar. Einnig er heimilt að halda við mannvirkjum, svo sem virkjunarmannvirkjum, skálum, vegum og námum sem þegar eru í notkun, án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar og fer um þær leyfisveitingar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010.“

Umhverfisstofnun bendir á að hafa þarf samband við við stofnunina vegna allra framkvæmda til að fá úr því skorið hvort leyfi stofnunarinnar þurfi.

¹ [Auglýsing um friðland í Þjórsárverum. \(ust.is\)](#)

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að skálinn Gásagustur við Þúfuver er á votlendissvæði sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Hald, Hvanngiljahöll og Versalir

Hér er um að ræða svæði sem þegar hafa verið röskuð. Umhverfisstofnun vill þó benda á mikilvægi þess að mannvirki verði látlaus og falli vel að umhverfinu, hugað verði að því að óbyggð víðerni skerðist ekki, frágangur vegna allra framkvæmda verði góður og að fráveita verði skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna eða lýsingu á umhverfismati.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur